

**Mál nr. 167/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A**

**Árekstur í hringtorgi við Faxabraut í Reykjanesbæ. Líkamstjón. Orsakatengsl þ. 12.4.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 18.5.2015 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M ók bifreiðinni A að hringtorgi við Faxabraut í Reykjanesbraut og lenti í árekstri við bifreið sem ók eftir hringtorginu eftir því sem fram kemur í málskoti. M leitaði á slyshadeild í kjölfar slyssins og kvartaði yfir verk í hendi. M segir að síðar hafi hann farið að finna fyrir verkjum í baki og leitaði til læknis þ. 17.9.2013 og var greindur með brjós-klos. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V og segir ljóst miðað við vottorð Arons Björnssonar læknis dags. 20.mai 2014 að orsakatengsl séu á milli áverka M og árekstursins. V hafnar bótaskyldu og telur ekki orsakatengsl milli bakeinkenna M og umferðarslyssins. V bendir á að M hafi ekki kvartað um einkenni í baki fyrr en 17.september 2013, fimm mánuðum eftir slysið. M sé í líkamlega erfiðri vinnu þannig að ekki sé útilokað að bakeinkenni M verði rakin til annarra þátta. Þá bendir V á að ekki sé nægjanlegt í líkamstjónamálum að hugsanlega geti verið um orsakatengsl að ræða.

**Álit.**

M lenti í umferðarslysi og kvartaði yfir verkjum í hendi við fyrstu læknisheimsókn. Fimm mánuðum síðar leitaði M til læknis og kvartaði yfir verkjum í baki og var greindur með brjós-klos. Ágreiningur í málinu er um hvort að orsakatengsl séu á milli árekstursins og þeirra bakverkja sem hrjá M. Í læknisvottorði Arons Björnssonar dags. 20.5.2014, sem M telur sýna fram á að um orsakatengsl sé að ræða milli bakverkja hans og slyssins segir m.a. að líklegt megi telja að hnykkáverkin hafi haft óheillavænleg áhrif á bakið með tognun vöðva og verkjum og ef ekki einn og sér valdið brjós-klosinu mögulega flýtt fyrir því að sú varð niðurstaðan. Læknisvottorð Arons Björnssonar læknis tekur samkvæmt ofangreindu ekki af tvímæli um orsakatengsl milli brjós-kloss sem M hefur verið greindur með og umferðarslyssins. Í vottorði læknisins koma fram mikilvægir fyrirvarar auk þess sem umsögnin er að hluta til byggð á frásögn M sjálfs. Vottorð Arons Björnssonar læknis er því ekki fullnægjandi sönnun um orsakatengsl milli slyssins og verkja M. Fullnægjandi sönnun liggur því ekki fyrir um að brjós-klosið og bakverkir sem hrjá M í dag sé afleiðing umferðarslyssins þ. 12.4.2013. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökumanns hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 9.6.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.